

Akraneskaupstaður  
b.t. Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra  
Stíllholti 16-18  
300 AKRANES

Akranesi, 10. maí 2016

- Efni: Svar við beiðni um upplýsingar varðandi rekstur Spalar

Vísað er til bréfs bæjarstjórans á Akranesi, f.h. Akraneskaupstaðar, dags. 12. apríl 2016 varðandi starfsemi og rekstur Spalar ehf. á liðnum árum.

Fyrst skal nefnt að í hlut eiga tvö félög, annars vegar Eignarhaldsfélagið Spölur hf. og hins vegar einkahlutafélagið Spölur ehf.

Samkvæmt samþykktum Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. er tilgangur félagsins að „stofna einkahlutafélagð Spöl (og eiga hluti í því) sem sjái um undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð svo og rekstur um tiltekinn tíma.“

Tilgangur Spalar ehf. er að „annast að nokkru eða öllu leyti undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð svo og rekstur um tiltekinn tíma, samkvæmt lögum nr. 45 frá 1990 um vegtengingu við utanverðan Hvalfjörð og samkvæmt samningi við samgönguráðuneytið f.h. ríkisins dags. 22. apríl 1995.“

Framkvæmdalán Spalar voru endurfjármögnuð á árinu 2005, að mestu af hálfu lífeyrissjóða í gegnum opinbera skráningu skuldabréfa Spalar. Þá varð félagið sjálfkrafa aðili að Kauphöll Íslands og hlítir eftir það öllum reglum, og breytingum á þeim reglum, sem varða opinbera skráningu skuldabréfa.

Þá skal þess getið að með aðild að Kauphöll Íslands fellur Spölur undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins (FME) með því að farið sé að öllum reglum Kauphallarinnar og FME. Spölur skilar FME skýrslum reglulega.

Skráðir innherjar Spalar ehf. eru stjórnarmenn félagsins (aðal- og varamenn), framkvæmdastjóri, aðalbókari og löggiltir endurskoðendur félagsins.

Bréfitari (bæjarstjórinn á Akranesi) er varamaður í stjórn Spalar ehf., þar með innherji og ætti að taka fyrir athugasemdir, ef upp koma, í stjórn eða á hluthafafundi félagsins. Í bréfinu er meðal annars óskað eftir upplýsingum sem ekki er hægt að veita vegna þess að reglur heimila ekki slík samskipti við einn hluthafa.

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 0.8	Mött. af 640	Mötu. dags. 11 MAI 2016
Áb.m. RA	Úrv.aðili ST.A	Afrit RA/ST.A
Símtal	Tölvup.	Fax SAS
Svarfr.	Trún.mál	Fskj.
Málsnr. One 1604038		

## Spurningar og svör

1. *Í hverju felst ríflega 150 milljóna skrifstofu- og stjórnunarkostnaður Spalar á árinu 2015.*

**Svar:** Hér vísast til fjórða töluliðar í skýringum með ársreikningi Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. fyrir árið 2015 sem lagður var fram og samþykktur án athugasemda á aðalfundi félagsins 15. mars 2016.

#### 4. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	1/1 2015- 31/12 2015	1/1 2014- 31/12 2014
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:		
Laun .....	57.393	53.576
Launatengd gjöld .....	10.586	10.624
Breyting á áunnu orlofi .....	484	332
Stjórnarlaun .....	3.626	3.606
Aðkeypt þjónusta vegna húsnæðis .....	9.232	8.966
Skrifstofuvörur .....	8.831	8.087
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	41.146	36.695
Sími .....	2.154	1.853
Banka- og innheimtukostnaður .....	7.506	6.698
Annar kostnaður .....	9.482	11.853
	<u>150.441</u>	<u>142.290</u>

2. *Í hverju felst aðkeypt sérfræðiþjónusta á skrifstofu Spalar. Óskað er eftir sundurliðuðu yfirliti yfir þennan kostnað frá árinu 1999.*

**Svar:** Óheimilt er að veita einum hluthafa upplýsingar úr bókhaldi félagsins umfram það sem fram kemur í ársreikningum, nema sömu upplýsingar séu sendar öðrum hluthöfum og Kauphöll Íslands sömuleiðis til birtingar samkvæmt reglum hennar. Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur m.a. gegn ákvæði laga um jafnræði.

Ársreikningar bæði Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. og Spalar ehf. voru lagðir fram og samþykktir án athugasemda á aðalfundum félaganna 15. mars 2016. Sömu sögu er að segja um alla aðra ársreikninga frá upphafi. Þeir voru staðfestir athugasemdalaust og engar athugasemdir bárust heldur frá þeim aðilum sem eftirlit hafa með starfsemi félaganna eða framkvæmd verkefna þeirra.

3. *Spölur hefur m.a. lagt í kostnað vegna vegaf framkvæmda, sem upphaflegir samningar gerðu ráð fyrir að Vegagerðin sæi um. Hefur Vegagerðin þá notið forréttinda sem hluthafi í Speli, umfram aðra hluthafa, þar með talinn Akraneskaupstað?*

**Svar:** Forsendur spurningarinnar eru rangar. Vegagerðin ákveður hvorki nýframkvæmdir í vegamálum né fjármögnun þeirra. Það gerir Alþingi með fjárlögum og þingsályktunum um samgöngumál. Vegagerðin sér síðan um að ákvarðanir Alþingis komist í framkvæmd í samræmi við forgangsröðun þess og fjármögnun.


Í samningi ríkisins og Spalar frá 1995 er hvergi getið um að Vegagerðin annist vegtengingar í Hvalfirði, heldur að ríkið muni annast framkvæmdirnar Speli að kostnaðarlausu. Þetta breyttist í meðförum Alþingis og þar var ákveðið að Spölur skyldi taka á sig hluta framkvæmdakostnaðar við vegtengingar. Þar kom Vegagerðin aldrei sögu og engar forsendur eru fyrir því að tala um „forréttindi“ hennar sem hluthafa.

Bent er á að

- Spölu er skuldbundinn til að fara eftir reglum NASDAQ OMX ICELAND um útgefendur fjármálagæringa frá 17. desember 2013. Þar er m.a. kveðið á um viðurlög ef ekki er rétt að upplýsingamiðlun staðið. Reglurnar er að finna á vefslóðinni [http://business.nasdaq.com/Docs/Rules-for-Issuers-of-Financial-Instruments IS.pdf](http://business.nasdaq.com/Docs/Rules-for-Issuers-of-Financial-Instruments-IS.pdf)
- Starfsemi Spalar er í samræmi við samninginn við samgönguráðuneytið frá 22. apríl 1995. Að öðru leyti gilda ákvæði samþykka félagsins og lög nr. 138/1994 um einkahlutafélög varðandi upplýsingagiöf og önnur málefni.
- Vakin er athygli á kafla 2.10 um samskipti við hluthafa í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfu frá maí 2015, sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ ICELAND og Samtök atvinnulífsins gáfu út.
- Samanburður við starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur á ekki rétt á sér. Hún er sameignarfélag sem um gilda sérlög.

Í lokin skal þess getið að leitað var eftir áliti og ábendingum frá Lex lögmannsstofu og PricewaterhouseCoopers áður en erindi þessu var svarað.

f.h. Spalar



**Gunnar Gunnarsson**

formaður stjórnar Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.  
og varaformaður stjórnar Spalar ehf.